

**Ed.** **741. Frumvarp til laga** [400. mál]

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985—86.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning vínanda, áfengis og tóbaks samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra í því skyni að afla ríkissjóði tekna.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal einni heimil starfræksla tóbaksgerðar og framleiðsla áfengra drykkja, sbr. þó ákvæði 3. mgr.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita öðrum aðilum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leyfi til að framleiða áfenga drykki, enda sé slík framleiðsla ætluð til útflutnings eða til sölu í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er heimilt að gerast eignaraðili að fyrirtækjum sem hafa fengið leyfi til að framleiða áfengi.

Ráðherra er heimilt að setja skilyrði fyrir því að leyfi sé veitt til framleiðslu áfengis. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal sjá um sölu á vínanda til þeirra aðila, sem hafa fengið leyfi til framleiðslu áfengis, og hafa eftirlit með að fylgt sé þeim skilyrðum sem ráðherra setur.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins flytur inn skv. 1. gr. og áfengi sem framleitt er innanlands skv. 3. gr., hefur hún ein heimild til að selja innanlands. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er einni heimilt að framleiða áfenga drykki á Íslandi. Þetta einkaleyfi hefur í för með sér að einstaklingar eða fyrirtæki geta ekki framleitt áfenga drykki á Íslandi með útflutning í huga. Sem dæmi um afleiðingu af þessu banni má nefna að íslenskt fyrirtæki lætur framleiða vodka fyrir sig í Stóra Bretlandi. Þetta vodka er framleitt skv. íslenskri uppskrift og er öll vöruhönnun og þróun íslensk. Vodkað er síðan flutt til landsins og selt í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Umrætt fyrirtæki hefur m.a. áhuga á að koma vöru sinni á Bandaríkjamarkað en þar sem hún er ekki framleidd á Íslandi er ekki hægt að selja hana í Bandaríkjunum sem íslenska vöru. Í Bandaríkjunum er talinn vera mikill markaður fyrir vodka frá Norðurlöndum. Benda má á að vodka frá Svíþjóð og Finnlandi hefur náð verulegum hluta af markaðinum fyrir þá vöru í Bandaríkjunum. Á árinu 1984 nam innflutningur á vodka til Bandaríkjanna 12.609.000 lítrum. Af þessum innflutningi var markaðshlutdeild Absolut vodka, sem er sænskt, um 30% eða um 3.782.700 lítrar. Ef íslenskt vodka næði sömu markaðshlutdeild, þ.e. um 30%, má ætla að útflutningstekjur af því næmu um 300 milljónum króna á ári.

Ástæðan fyrir því að þetta frumvarp er flutt er sú að gefa þeim aðilum sem hafa áhuga á að framleiða áfenga drykki á Íslandi til útflutnings kost á því. Ef vel tekst til með slíkan útflutning getur verið um að ræða arðbæra atvinnugrein sem bæði aflar þjóðarbúinu tekna og skapar atvinnutækifæri.

Um 1. gr.

Skv. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé áfram heimilt að framleiða áfengi. Jafnframt er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra sé heimilt að veita öðrum aðilum leyfi til að framleiða áfenga drykki, enda sé slík framleiðsla ætluð til útflutnings eða til sölu í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Ekki er þó gert ráð fyrir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé skyldug að selja það áfengi sem

framleitt er innanlands. Þá er skv. greininni gert ráð fyrir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé heimilt að hafa samstarf við aðila sem fá leyfi til að framleiða áfengi innanlands og heimilt að gerast eignaraðili að fyrirtækjum sem hafa fengið leyfi til að framleiða áfengi. Skv. greininni er gert ráð fyrir því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi eftirlit með þeim aðilum sem fá leyfi til að framleiða áfengi innanlands.

Um 2. gr.

Með þessari grein er skýrt kveðið á um það að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé einni heimilt að selja innanlands áfengi sem hún flytur inn og allt áfengi sem er framleitt innanlands.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.